

1. Félagar í björgunarsveitinni Kili skulu sýna góða hegðun í störfum undir merkjum sveitarinnar og vanvirða á engan hátt sveitina eða markmið hennar. Neysla áfengis eða ólöglegra vímuefna í starfi sveitarinnar varðar brottvísun úr sveitinni sem og stórfellt gáleysi eða vanræksla um eignir sveitarinnar. Stjórn sveitarinnar er heimilt að veita undanþágu frá áfengisbanni þegar um er að ræða félagsstarfsemi t.d. skemmtikvöld.
2. Stjórn sveitarinnar er heimilt að óska eftir sakavottorði við inntöku nýrra félaga.
3. Björgunarmenn á útkallslista skulu hafa lokið við eftirfarandi námskeið á vegum björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar: Félagsfólk í starfi, kjarnafögin í Rötun, Ferðamennsku og Fjarskiptum, Forvarnir og Öryggi, Leitartækni og Fyrsta hjálp 1 eða sambærilegt námskeið.
4. a) Skyldunámskeið fyrir mætingu í sérhæfð útköll eða verkefni t.d. á sjó eða vötnum og utan alfaraleiða eru: Fjarskipi grunnur, Rötun, Slöngubátur 1, Fjallamennska 1, Ferðamennska, Snjóflóð 1, Öryggi við sjó og vötn og Óveður og björgun verðmæta.
b) Enginn ekur forgangsakstur á vegum sveitarinnar nema að hafa lokið við námskeiðið Forgangsakstur og í framhaldinu verið veitt leyfi til þess af stjórn.
5. Almennt skal stefnt að því að félagar klári þau námskeið sem til þarf svo þeir komist á útkallslista eftir um ár í starfi.
Félögum, sem ekki eru á útkallslista, skal gefinn kostur á að fara í útköll að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og eftir aðstæðum hverju sinni. Skilyrði er að viðkomandi sé virkur í innra starfi sveitarinnar, að viðkomandi tæki sé fullmannað fyrir og viðkomandi félagi fari með sem aukamaður. Einnig að hópstjórinn og formaður sveitarinnar séu samþykkir hverju sinni. Stjórn metur hvert tilfelli um undanþágu fyrir sig og til hvaða útkalla undanþágan nær.
6. Stjórn skal beita sér fyrir því að félagar á útkallslista sækji endurmenntun og bæti við sig gagnlegum námskeiðum.
7. Félagar skulu fara vel með húsnæði, tæki og búnað sveitarinnar. Félagar skulu ávallt vera vel búnir til björgunarstarfa.
8. Stjórnendum sveitarinnar og flokk-/hópstjórum er heimilt að vísa félögum úr útkalli og frá æfingum séu þeir ekki í líkamlegu eða andlegu ástandi til sinna verkefnum eða ekki útbúnir í samræmi við aðstæður.
9. Félagar eru ábyrgir fyrir eigin öryggi og eiga aldrei að taka óþarfa áhættu. Félögum ber aldrei skylda til að leggja sig eða tæki og búnað sveitarinnar í hættu.
10. Tækjum sveitarinnar stjórna ekki aðrir en þeir sem hafa réttindi til þess samkvæmt landslögum og reglum sveitar.
11. Fjölmiðlum skal vísa til formanns sveitarinnar.

12. Félagar skulu tryggja að upplýsingar á útkallsskrá séu uppfærðar og réttar s.s. símanúmer, netföng og heimilisföng.

13. Enginn getur stofnað til skulda á hendur sveitinni nema með samþykki stjórnar.

Almennar reglur samþykktar 10. Júní 2012.

*Liður 6 samþykktur á stjórnarfundum í júní 2013.

* Liður 2 samþykktur á stjórnarfundum í september 2016.

* Liður 3 uppfærður á aðalfundi í 26. apríl 2023.

* Liðir 3, 4 og 5 uppfærðir á stjórnarfundum í 3. des 2025.